

Ár 2014, miðvikudaginn 16. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-885/2013:

Ákærvaldið

*(Fanney Björk Frostadóttir ftr.)*

gegn

Valdimar Jóni Sveinssyni

*(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)*

svofelldur

### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var 31. október 2013 og dómtekið 20. janúar sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 1. október 2013, á hendur Valdimar Jóni Sveinssyni, kt. 000000-0000, Klukkuholti 1, Garðabæ,

„fyrir líkamsárásir gagnvart þáverandi unnustu sinni og barnsmóður X:

#### **I.**

Með því að hafa, fimmtudaginn 28. október 2010 á sameiginlegu heimili þeirra að [...], slegið til X og í líkama hennar, tekið í hana og hrint henni utan í vegg og niður í gólf og þar sem hún lá á gólfinu sest ofan á hana og þrýst öðru hné sínu á brjóstkassa hennar, allt með þeim afleiðingum að X hlaut mar og eymsli á hægri upphandlegg og vinstra hné og eymsli á höfði, í hægri kjálka, á hálsi og á brjósti.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

#### **II.**

Með því að hafa laugardaginn 17. september 2011 á sameiginlegu heimili þeirra að [...], tekið X hálstaki og þegar hún reyndi að komast undan honum, hlaupið á eftir henni, sparkað í hana og ýtt henni svo hún féll í gólfið en við það féll Valdimar ofan á hana, allt með þeim afleiðingum að X hlaut brot í fyrsta fleygibeini, með gliðnun milli fyrsta og annars fleygibeins og fyrsta og annars ristarbeins ofan til, á vinstri fæti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998.

Af hálfu Helgu Leifsdóttur hdl. fyrir hönd X kt. 000000-0000 er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða X skaðabætur og útlagðan kostnað kr. 6.700.000.-. Einnig er gerð krafa um greiðslu vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17.9.2011, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því bótakrafan var kynnt sakborningi, og dráttarvaxta eftir þann dag skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Að lokum er gerð krafa um þóknun við réttargæslu úr hendi sakbornings samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins og neitaði þá sök og mótmælti bótakröfunni.

Aðalmeðferð fór fram þann 20. janúar sl. og var fram haldið 19. febrúar, 13. mars og 7. apríl 2014. Að loknum málflytningi var málið dómtekið.

### ***Málsatvik.***

Aðilar hófu sambúð í byrjun árs 2007. Sambúðin mun hafa verið slitrótt en aðilar slitu samvistir endanlega 1. október 2011. Fyrir á ákærði dreng fæddan í ágúst 2006, sem ákærði var með í umgengni samkvæmt samkomulagi og þá á sameiginlegu heimili ákærða og brotþola þegar þau bjuggu saman. Þá eiga aðilar saman dreng fæddan árið 2008.

### ***Ákæruliður I.***

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu kom brotþoli á lögreglustöð þann 20. október 2011 til að kæra líkamsárás af hálfu ákærða, sem hefði átt sér stað 17. september 2011. Í þeirri sömu skýrslu lýsir brotþoli árás ákærða á sig sem hún taldi hafa verið í nóvember 2010. Kvaðst hún hafa leitað á bráðadeild umrætt sinn. Segir brotþoli svo frá hjá lögreglu að þau hafi búið að [...], að ákærði hafi í umrætt sinn hent henni í gólfið og legið ofan á henni, tuskað hana til og sett hné í hana þannig að hún hafi verið marin á bringu og á líkamanum eftir það. Samkvæmt frásögn á slysa- og bráðadeild Landspítala þann 28. október 2010 er haft eftir brotþola að hún og sambýlismaður hennar hafi verið að rífast og það endað með átökum og ákærði slegið til brotþola, fleygt henni upp að vegg og niður á gólf og sett hné á brjóstakassa hennar. Hafi hún slegið hnakkanum í vegg við þessi átök.

### ***Ákæruliður II.***

Í ofangreindri lögregluskýrslu er haft eftir brotþola að ágreiningur hafi verið á milli hennar og ákærða um hvort bjóða hafi átt vini sonar ákærða úr fyrra sambandi í afmæli drengsins, sem brotþoli hafi ætlað að halda fyrir drenginn. Hafi þau rífast um það í bifreið á leið þeirra heim. Ákærði hafi síðar, er brotþoli hafi setið í sófa á heimili þeirra, ráðist að henni og tekið hana hálstaki. Brotþoli hafi getað losað sig og hlaupið að herbergisdyrum drengjanna en ákærði náð henni þar og hent henni í gólfið og hafi ákærði fallið ofan á hana. Taldi brotþoli að hún hafi þá ristarbrotnað. Brotþoli hafi farið á slysadeild í framhaldi, gist hjá vinkonu sinni þá um nóttina en haldið upp á afmæli drengsins daginn eftir. Hún hafi síðan farið í aðgerð á fætinum

19. september. Brotapoli hafi búið í húsinu með ákærða þar til hún fékk íbúð og gat flutt út af heimilinu, sem hafi verið um mánaðamót september/október.

### **Læknisvottorð og önnur sönnunargögn.**

Í gögnum málsins liggja fyrir nokkur læknisvottorð.

Í læknisvottorði, dagsettu 21. nóvember 2011 frá bráða- og slysadeild Landspítala, segir að brotapolí hafi leitað á bráða- og slysadeild þann 17. september 2011 kl. 16:31. Lýsti hún því að hún hafi skömmu áður þann sama dag orðið fyrir því óhappi að hrasa í tröppum og misstíga sig illa á vinstri fæti. Við skoðun hafi komið í ljós talsverð bólga langsum eftir ristinni yfir 1. og 2. ristarbeini. Á röntgenmyndum hafi komið í ljós brot í fyrsta fleygbeini með gliðnum milli 1. og 2. fleygbeins og 1. og 2. ristarbeins ofan til. Var framkvæmd aðgerð á fætinum og sett í hann skrúfa.

Vottorð A, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum, dagsett 13. desember 2013, liggur fyrir. Segir að brotapolí hafi komið 10. september 2012 í eftirlit en þá hafi verið liðnir um tíu mánuðir frá síðustu komu. Brotapolí hafi þá enn haft töluverð óþægindi í fætinum, auk þess sem hún finni oft fyrir dofatilfinningu upp fótlegginn og niður í ristina. Hún segist ekki geta verið í hælaskóm nema stutta stund í einu og sé eins og fóturinn festist í þeirri stöðu og sé hún lengi að ná fætinum upp úr skónum og liðka hann. Þoli hún hlaup illa og yfirleitt allt álag á fótinn. Við skoðun hafi brotapolí gengið að heita án helti, hreyfanleiki í ökklanum hafi verið eðlilegur sem og í smáliðum fótans en eilítill eymsli eða viðkvæmni hafi verið yfir skurðörinu. Engin vöðvarýrning hafi verið sýnileg á kálfanum né heldur máttmínkun. Röntgenmyndir hafi sýnt eðlilega innbyrðis afstöðu ristarbeina og engin merki um byrjandi slit eða álíka.

Þá er haft eftir brotapolá í vottorðinu að hún hafi sagt rangt til um upphafleg slysatilvik en í raun hefði hún verið að flýja undan þáverandi sambýlismanni sínum sem hafi elt hana uppi og einhvern veginn „tæklað“ hana svo að hún hafi fallið við og hlotið áverka á vinstri fæti. Hafi hún ekki þorað að segja rétt til í upphafi en hún væri búin að kæra þessa árás og horfi málið því öðruvísi við. Hafi hún leiðrétt þetta þegar hún kom til gifsskipta á sínum tíma. Hafi það verið staðfest af J bæklunarskurðlækni á þeim tíma og hafi það verið skráð í endurkomu þann 29. september 2011. Hafi brotapolí í kjölfar þess fengið samtals tíma hjá áfallateymi bráðasviðs og geðdeildar.

Í vottorði B hjúkrunarfræðings frá 12. desember 2012 kemur fram að brotapolí hafi upplýst við komu þann 29. september 2011 að hún hafi gefið rangar skýringar um slysið þann 17. september s.á. Brotapolí hafi upplýst C hjúkrunarfræðing um að slysið hafi orðið vegna átaka við sambýlismann hennar en hann hafi „tæklað“ hana niður þegar hún hafi verið á hlaupum undan honum. Er liðan brotapolá lýst nánar í vottorðinu og afleiðingum áfallsins.

Vottorð frá slysa- og bráðadeild Landspítala frá 28. október 2011 er í gögnum málsins. Kemur þar fram að brotapolí hafi leitað á slysadeild 28. október 2010 með verk í brjóstakassa eftir högg. Við skoðun hafi ekki verið að sjá áverkamerki í andliti. Brotapolí hafi kveinkað sér svolítið við þrýsting á hægri kjálkalið en hún opnað munninn eðlilega. Kvartaði hún um verk hægra megin frá hálsi. Þar hafi ekki

sést ytri áverkamerki og hreyfingar um háls hrygg verið eðlilegar. Á hægri upphandlegg hafi hún verið með roðablett á framanverðum upphandleggnum sem gæti verið eftir fingrafar og gæti átt eftir að verða mar. Þá kvartaði hún um eymsli við þrýsting á brjóstakassa, bæði frá hlið og „ant.post.“. Þar voru engin ytri áverkamerki að sjá og engar misfellur á rifjum. Á vinstra hné var hún með marblett sem var um 2x2 cm rétt ofan við hnéskefjar. Í samantekt segir að brotaþoli sé með dreifða mar- og tognunaráverka en þeir séu ekki alvarlegir.

Vottorð liggur fyrir frá heilsugæslunni á [...], dagsett 25. nóvember 2011, þar sem fram kemur að brotaþoli hafi leitað til heilsugæslunnar þann 29. janúar 2008, vegna árásar ákærða, og var hún með sjáanlega áverka á líkamanum.

Í dagbók lögreglu þann 29. janúar 2008 er bókað að brotaþoli hafi hringt og tilkynnt um árás á sig af hálfu ákærða. Í dagbók lögreglu þann 3. apríl 2011 kærði brotaþoli ákærða fyrir árás á vin hennar og eignaspjöll á heimili hennar. Hinn 14. febrúar 2011 óskaði brotaþoli eftir aðstoð lögreglu vegna líkamsárásar ákærða. Þann 17. febrúar 2011 kom brotaþoli á lögreglustöð og kvaðst óttast ákærða en þau væru að skilja. Hinn 29. júlí 2009 er bókað í dagbók lögreglu að brotaþoli hafi óskað eftir aðstoð lögreglu vegna líkamsárásar ákærða.

### ***Skýrslur fyrir dómi.***

#### *Ákæruliður I.*

Ákærði kom fyrir dóminn og lýsti atvikum svo að þau hafi rifist í umrætt sinn. Þau hafi oft rifist og ákærði hafi haft þann sið við þær kringumstæður að koma sér út. Svo hafi verið í umrætt sinn, ákærði hafi verið á leiðinni út en brotaþoli tekið upp spýtu, sem sé úr bananavið, og barið ákærða í hnakkann og í framhaldi rífið í bol sem hann var í, aftan frá, og spyrnt í ákærða og við það hafi bolurinn rifnað og ákærði endað ber að ofan. Ákærði hafi ýtt við brotaþola og við það hafi þau dottið. Ákærði hafi aldrei slegið til hennar. Ákærði kvaðst hafa verið stokkbólginn á hnakka eftir árásina en honum hafi fundist asnalegt að leita læknis vegna árásar sambýliskonu. Ákærði kvað þau hafa tekið saman aftur eftir að brotaþoli flutti út. Ákærði kvað langt um liðið og því sé minni hans ekki gott. Aðspurður kvað ákærði spýtuna hafi verið úr sökkli á eldhúsinnréttingu og hafi hún verið laus og upp við vegg í ganginum. Ákærði kvað lýsingar brotaþola hjá lögreglu alranga, enda hefði verið útilokað fyrir brotaþola að ná til spýttunnar ef ákærði hafi legið ofan á brotaþola. Þá kvað ákærði sig minna að þau hafi bæði fallið niður á gólf og gæti vel verið að hann hafi dottið ofan á brjóstakassa brotaþola í fallinu en hann gæti ekki fullyrt neitt um það. Ákærði kvað átök þeirra hafa átt sér stað á gangi eða holi milli forstofu og eldhúss og spýtan hafi legið einhvers staðar þar.

Vitnið X kom fyrir dóminn og lýsti atvikum svo að þau hafi verið að rífast og líklega vegna fyrri barnsmóður ákærða. Það hafi endað eins og oft áður í slagsmálum. Vitnið hafi reynt að verja sig með spýtu úr innréttingu en vitnið hafi svo farið út og fengið vinkonu sína til að aka sér á slysadeild. Aðspurt um upphaf átakanna kvað vitnið þau hafa rifist og líklega hafi ákærði tekið sig hálstaki en vitnið kvaðst ekki geta fullyrt það. Átökin hafi verið alveg frá ganginum fyrir framan eldhúsið og inn í stofu. Vitnið kvaðst hafa slegið ákærða með spýttunni til að verja sig. Spýtan sé undan uppþvottavélinni en hafi verið einhvers staðar annars staðar, hjá eldhúsinu eða einhvers staðar. Þau hafi bæði staðið þegar vitnið sló

ákærða en vitnið hafi slegið einhvers staðar í höfuð ákærða. Þau hafi bæði verið í miklum ham og rifist harkalega. Þá hafi hrindingar átt sér stað en vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir atvikum. Vitninu hafi verið illt í bringunni eftir þetta og ákærði hafi hvatt vitnið til að láta lækni skoða bringuna en þau hafi ekki hætt saman eftir atvikið. Ákærði hafi skellt vitninu í gólfið og sett hné í bringuna á því. Vitnið hafi slegið ákærða með spýtunni áður en þau dattu niður. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hvers vegna þau hafi dottið en ákærði hafi ekki sparkað í sig og ákærði hafi aldrei slegið sig utan einu sinni á árinu 2007. Framburður ákærða um upphaf átakanna var borinn undir vitnið. Vitnið kvað ákærða hafa orðið eftir í húsinu þegar vitnið fór út með yngri drenginn.

Aðspurt hvar þau voru þegar vitnið sló ákærða með spýtu minnti vitnið að þau hafi verið á gangi út frá eldhúsinu en vitnið mundi ekki hvar spýtan hafi verið. Vitnið lýsti húsakosti svo að þegar komið væri inn úr forstofu væri komið inn í hol, eldhús væri til hægri og stofa til vinstri en þetta væri allt opið rými. Spýtan hafi verið laus, átt að vera í sökkli á eldhúsinnréttingu undir uppþvottavél en hafi oft verið fyrir svo að hún hafi verið færð til og verið upp við vegg. Vitnið kvað hrindingar og átök hafa verið byrjuð á milli þeirra þegar vitnið nær í spýtuna og lemur ákærða. Þá hafi þau verið komin nær stofunni. Vitnið kvaðst ekki muna hvort ákærði hafi ýtt sér eða hvernig það hafi gerst að vitnið datt en það hafi endað þannig að ákærði hafi verið með hnéð í bringunni á vitninu. Aðspurt um framburð sinn hjá lögreglu um að ákærði hafi hent vitninu í gólfið og vitnið þá náð í spýtu og lamið frá sér, kvaðst vitnið ekki muna nákvæmlega hvernig þetta var.

Vitnið D, sérfræðingur á slysa- og bráðadeild, gaf símaskýrslu fyrir dóminum og skýrði svo frá að brotaþoli hafi leitað á slysadeild 28. október 2010. Í læknisvottorðinu komi fram að brotaþoli hafi lent í rifrildi við sambýlismann sinn og barnsföður, sem hafi lagt á hana hendur. Ákærði hafi slegið til hennar og fleygt henni upp að vegg og niður á gólf og sett hné í brjóstakassa hennar. Brotaþoli hafi kvartað yfir verk í höfði hægra megin og kjálka, upphandlegg og brjóstakassa og verið með mar á vinstra hné. Blóðþrýstingur og púls hafi verið eðlilegur nema að púls hafi verið dálítið aukinn og sjúklingur í uppnámi. Aðrir áverkar hafi ekki sést. Roðablettur á hægri upphandlegg gæti verið eftir fingrafar og áverkar ekki alvarlegir.

Vitnið E gaf símaskýrslu fyrir dóminum og sagði brotaþola hafa hringt í sig umrætt sinn og beðið vitnið um að sækja sig. Vitnið hafi farið til hennar og mætt henni þar sem brotaþoli var lögð af stað áleiðis á móti henni. Brotaþoli hafi verið með son sinn með sér. Vitnið kvaðst lítið muna eftir atvikinu en brotaþoli hafi sagt sér að hún og ákærði hafi verið að rífast og slást þannig að ákærði hafi ráðist á brotaþola. Mundi vitnið að brotaþoli hafi kvartað undan verkjum í brjósti og því hafi vitnið ekið brotaþola á slysadeild.

Vitnið F, móðir brotaþola, kom fyrir dóminn og kvaðst ekki hafa orðið vitni að atburðum. Þau hafi hins vegar komið heim til hennar síðar á [...] og brotaþoli sagt sér að þau hafi rifist, ákærði tekið um háls hennar. Meira vissi vitnið ekki.

### *Ákæruliður II.*

Ákærði kvað framburð brotaþola eins og lýst sé í ákæru rangan. Ákærði og brotaþoli hafi verið á leið heim og þau hafi rifist um fyrri barnsmóður ákærða. Þau

hafi farið inn í hús og skömmu seinna hafi brotaþoli misstigið sig í tröppum, sem séu úr stofu upp í hol, í umrætt sinn. Þar séu tvær tröppur á milli. Daginn eftir hafi þau haldið upp á afmæli drengsins síns og faðir brotaþola hafi þá einnig misstigið sig í tröppunum. Ákærði kvað brotaþola ekki hafa viljað að hann keyrði sig á slysadeild og því hafi hún hringt í vinkonu sína, G, sem hafi komið og sótt brotaþola. Ákærði hafi hitt G umrætt sinn. Brotaþoli hafi gist hjá vinkonu sinni yfir nóttina en hún hafi komið heim snemma um morguninn og undirbúið afmælið fyrir drenginn. Aðspurður um framburð brotaþola um aðdragandann að meiðslum brotaþola, kvað ákærði hann vera rangan, þau hafi ekki setið í sjónvarpssófanum þegar þetta gerðist. Ákærði kvað brotaþola hafa sagt sér sjálf að hún hafi dottið í stiganum þegar þetta gerðist en ákærði kvaðst ekki hafa séð atvikið. Ákærði kvað samskipti þeirra hafa verið góð eftir atvikið en eitt sinn þegar ákærði kom heim, tveimur til þremur vikum síðar, hafi brotaþoli verið flutt í burtu og búin að tæma húsið. Ákærði kvað þau brotaþola hafa nokkrum sinnum „sofið saman“ eftir að brotaþoli flutti burt en brotaþoli hafi illa þolað þegar ákærði kynntist nýrri konu. Eftir að brotaþoli kynntist sjálf nýjum manni hafi samband þeirra verið gott en hallað á það eftir að ákæran kom fram. Ákærði kvaðst hafa komist að því að brotaþoli hafi breytt frásögn sinni á slysadeild, eftir að brotaþoli var flutt burtu.

Ákærði var inntur, í lok vitnisburða, um sms-skilaboð sem voru í síma brotaþola frá ákærða frá 17. og 18. september 2011. Ákærði kvað ástæðu þess að hann hafi sent þessi skilaboð vera að þau hafi rifist og brotaþoli kennt honum um að hún hafi dottið í stiganum. Honum hafi bara þótt það leiðinlegt.

Vitnið X kvað fyrir dóminum aðdragandann vera þann að halda hafi átt upp á afmæli sonar ákærða og hafi strákinn langað að bjóða ákveðnum vini sínum í afmælið, sem hafi verið velkomið. Síminn hjá vitninu og ákærða hafi verið lokaður og vitnið því farið með boðið í gegnum aðra vinkonu sína á Facebook. Þau hafi síðan keypt sér frelsisnúmer. Ákærða hafi síðan fundist þessi aðferð kjánaleg og þau rifist um það. Þau hafi þá verið úti í bíl á leiðinni heim. Vitnið hafi síðan setið heima í sófa og ætlað að senda G, vinkonu sinni, skilaboð í símanum og ákærði þá komið og ætlað að ná símanum af vitninu og tekið vitnið hálstaki í sófanum og vitnið þá náð að sparka ákærða af sér en mundi ekki hvort það hafi þá hitt í andlitið á honum. Vitnið hafi þá lagt til við ákærða að fara út að ganga og hugsa sinn gang og taka eldri drenginn með sér en ákærði tekið því þannig að vitnið hafi ætlað að henda drengnum hans út „eða eitthvað“. Vitnið hafi séð þennan skelfingarsvip á ákærða og þá ætlað að hlaupa inn í herbergi til strákanna því að vitnið hafi talið að ákærði myndi ekki gera sér neitt inni hjá þeim. Ákærði hafi hlaupið á eftir sér og á sig einhvern veginn og tæklað sig eða hlaupið sig niður og vitnið dottið og ákærði ofan á það. Vitnið hafi farið að gráta og sagt ákærða hafa brotið á sér löppina. Vitnið hafi hoppað í sófann í sjónvarpsherberginu. Ákærði hafi viljað keyra vitnið á slysadeild en vitnið hafi ekki þegið það og því hringt í G, vinkonu sína, sem hafi komið og ekið henni á slysadeild. Vitnið kvaðst hafa sagt á slysadeild að það hafi hrasað á háum skóm niður tröppur. Vitnið hafi verið hrætt um að barnaverndarnefnd kæmist í málið en hún hafi áður haft afskipti af þeim. Vitnið kvaðst hafa sagt G frá því strax að ákærði hafi tæklað sig. Vitnið kvaðst hafa sótt dót heim til sín á eftir en farið síðan heim með G og gist hjá henni um nóttina að hennar hvatningu. Vitnið kvaðst hafa verið í vandræðum með gífsið í einhvern tíma á eftir en vitnið hafi sagt starfsmanni slysadeildar rétta frásögn um mánuði síðar. Vitnið kvaðst ekki hafa sagt móður sinni eða öðrum frá réttum atvikum strax þar sem ákærði hafi viljað halda sambandi þeirra áfram. Vitnið hafi hins vegar sagt

móður sinni frá þessu skömmu síðar, hvenær mundi vitnið ekki. Vitnið minnti að það hafi boðið ákærða að gera einhvern sáttmála við sig í þeim tilgangi að draga kæru vitnisins til baka. Það hafi ekki gengið. Aðspurt kvaðst vitnið stundum hafa átt upptök að slagsmálum þeirra og ákærði einnig, þau væru bæði mjög skapstór. Vitnið kvaðst hafa leitað til sálfræðings vegna kvíða.

Vitnið H kom fyrir dóminn og kvaðst ekki hafa orðið vitni að atvikinu. Vitnið hafi hins vegar séð ljósmynd af brotaþola á Facebook þar sem brotaþoli var á slysadeild. Vitnið hafi því hringt í brotaþola og spurt hana hvað hafi gerst. Brotaþoli hafi lengst af ekki viljað segja vitninu frá en að lokum hafi brotaþoli lýst því fyrir sér, kannski innan við viku eftir að brotaþoli fór í aðgerð með fótinn. Brotaþoli hafi sagt sér að þau hafi verið að rifast, ákærði hafi tekið brotaþola hálstaki, brotaþoli hafi reynt að flýja en ákærði elt hana og einhvern veginn tæklað brotaþola eða sparkað undan henni fætinum og ákærði dottið ofan á brotaþola sem hafi við það fótbrotnað. Vitnið kvaðst ekki hafa trúað brotaþola í upphafi og fundist skýringar hennar ólíklegar. Vitnið kvaðst hafa vitað til þess að vesen hafi verið á sambúð þeirra. Aðspurt um það hvort brotaþoli væri ofbeldishneigð, kvað vitnið brotaþola hafa „þurft að verja sig“ en lýsti henni ekki sem ofbeldishneigðri. Aðspurð um það hvenær brotaþoli hafi sagt vitninu frá atvikum með ákærða taldi vitnið að það hafi verið eftir að brotaþoli flutti frá ákærða, brotaþoli hafi verið komin með nýja íbúð. Beðið um að rifja það upp frekar kvað vitnið brotaþola hafa sagt sér frá árásinni áður en vitnið flutti burt.

Vitnið B hjúkrunarfræðingur kom fyrir dóminn og sagði brotaþola hafa leitað á slysavardstofu 17. september 2011 vegna fótbrots og hafi síðan farið í aðgerð tveimur dögum síðar. 29. september s.á. hafi brotaþoli komið aftur til að láta lagfæra gifs og þá sagt frá því að upphaflega hafi brotaþoli gefið rangar upplýsingar um tildrög slyssins. Brotaþola hafi þá verið vísað til sérstaks teymis vegna heimilisofbeldis. Vitnið hafi þá fengið beiðni um að taka brotaþola til sín og hafi brotaþoli verið boðuð í viðtal í kjölfarið. Fyrsta viðtalið hafi verið 7. október 2011 og hafi brotaþoli lýst erfiðri sambúð með ákærða í fimm ár og vaxandi ótta þar sem ofbeldið væri að verða grófara. Brotaþoli hafi lýst ofbeldi af hálfu ákærða sem hún hafi ekki kært til lögreglu. Brotaþoli hafi greinst með áfallastreitu en brotaþoli hafi einnig verið með kvíða á unglingsaldri. Viðtölin hafi síðan verið fleiri. Í öðru viðtalinu hafi brotaþoli skýrt frá því að hún hafi kært atvikið til lögreglu. Í því viðtali hafi ákærði hringt í brotaþola fimm sinnum auk þess að senda henni smáskilaboð sem hafi greinilega komið brotaþola í mikið uppnám. Í október 2012 hafi brotaþola liðið mjög illa í viðtali þar sem málið hafði verið fellt niður af lögreglu. Þá séu eymsli eftir fótbrotið sífelld áminning um áfallið en brotaþoli þurfi að kaupa sérvalda skó eftir þetta þar sem hún þoli ekki neinn þrýsting á ristina. Það eitt og sér sé erfitt fyrir brotaþola. Kvað vitnið erfitt að tengja áfallastreituröskun brotaþola sérstaklega við þau tvö atvik sem ákært er fyrir þar sem hún hafi búið við langvarandi ofbeldi af hálfu ákærða. Kvað vitnið brotaþola hafa sagt það vera af ótta við ákærða og að brotaþoli hafi ekki verið búin að gera það upp við sig hvað hún ætlaði að gera, auk þess sem hún hafi óttast að barnaverndarnefnd myndi hafa afskipti af heimilinu, að hún skýrði ekki rétt frá í upphafi. Væri það þekkt hegðun að fórnarlömb heimilisofbeldis héldu ofbeldinu leyndu. Þá gæfi fyrsta koma á slysadeild ekki svigrúm til að ræða við sjúklinginn nema að litlu leyti. Brotaþoli hafi komið í skurðaðgerð og þá væri einnig lítið svigrúm til að ræða við sjúklinga. Brotaþoli hafi sagt frá í fyrsta viðtalinu sem hún fékk fyrir utan aðgerðarkomur. Það væri þekkt í þessum málaflokki að þolendur segðu ekki frá í upphafi.

Vitnið G kom fyrir dóminn og lýsti því að vitnið hefði rætt við brotaþola fyrir þann dag vegna barnaafmælis daginn eftir. Síðar um daginn hafi brotaþoli hringt í vitnið hágrátandi. Vitnið hafi varla skilið hvað brotaþoli var að segja og hafi spurt brotaþola hvort ákærði hafi ráðist á hana og hafi brotaþoli jánkað því. Brotaþoli hafi talið sig vera fótbrotna og beðið vitnið um að keyra sig á slysadeildina, sem vitnið hafi gert. Vitnið kvaðst ekki hafa hitt ákærða þá en það hafi sótt brotaþola inn í íbúðina. Brotaþoli hafi grátið mikið en sagt vitninu að ákærði og hún hafi rifist út af barnaafmælinu og barnsmóður ákærða. Ákærði hafi ætlað að rífa símann af brotaþola, tekið brotaþola hálstaki og brotaþoli orðið hrædd og náð að sparka ákærða frá sér. Brotaþoli hafi ætlað að hlaupa inn í herbergi til strákanna en ákærði hlaupið á eftir brotaþola og einhvern veginn tæklað brotaþola og þau dottið og brotaþoli við það fótbrotnað. Brotaþoli hafi ekki treyst sér til að segja rétt frá uppi á slysadeild þar sem hún hafi verið hrædd við ákærða og út af afmælinu deginum eftir. Vitnið hafi upplifað brotaþola þá mjög hrædda. Vitnið kvaðst hafa verið með brotaþola allan tímann hjá læknum og þá krafist þess að brotaþoli gisti hjá vitninu, sem hún gerði. Þá hafi vitnið hvatt brotaþola til að segja strax frá á slysadeildinni en brotaþoli ekki treyst sér til þess. Brotaþoli hafi óttast að ákærði myndi ráðast á sig aftur ef hún segði frá. Vitnið kvaðst einu sinni áður hafa orðið vitni að atlögu ákærða að brotaþola. Ákærði hafi síðan sótt brotaþola heim til sín daginn eftir. Vitnið kvað brotaþola hafa gefið þá skýringu í barnaafmælinu að hún hafi dottið í stiganum og snúið sig. Vitnið kvaðst aðspurt einu sinni eða tvisvar hafa orðið vitni að því að brotaþoli hafi verið í slagsmálum en vitnið taldi brotaþola ekki vera ofbeldishneigða.

Vitnið C hjúkrunarfræðingur kom fyrir dóminn og kvaðst hafa hitt brotaþola 28. og 29. september 2011 í þeim tilgangi að laga gifsíð á fætinum. Í fyrra skiptið hafi sambýlismaður brotaþola verið með henni og brotaþoli sagt sér að hún hafi dottið illa í stiga. Í seinna skiptið hafi móðir brotaþola verið með henni og hafi brotaþoli þá sagt sér frá því hvað hafi gerst í raun. Venja væri í slíkum samtölum að ræða við sjúkling um tildrög áverka. Kvað vitnið sambýlismann brotaþola hafa sýnt sérstaka hegðun í komunni. Venjulega sýndu aðstandendur umhyggju en ákærði hefði hins vegar hnussað yfir skýringum brotaþola á vanlíðan sinni. Í seinna viðtalinu hafi vitnið leiðbeint brotaþola um hvert hún gæti leitað.

Vitnið F, móðir brotaþola, kom fyrir dóminn og kvaðst ekki hafa orðið vitni að atburðum. Brotaþoli hafi hringt í sig og sagt sér að hún hafi dottið niður tröppur og væri fótbrotin. Brotaþoli hafi viljað fresta barnaafmælinu en vitnið ekki tekið það í mál. Einhvern daginn hafi þær farið í bíltúr og brotaþoli brotnað saman og sagt vitninu hvað hafi gerst. Hafi brotaþoli lýst því svo að ákærði og hún hafi verið að rifast í bílnum á leið heim úr búðinni. Þau hafi rifist inni á eftir og ákærði hafi ráðist á hana með þeim afleiðingum að brotaþoli hafi fótbrotnað. Þetta hafi verið um viku eftir atvikið. Vitnið kvaðst hafa farið með brotaþola á slysadeild í eitt skiptið. Þar hafi brotaþoli verið innt eftir orsök slyssins og hafi brotaþoli þá skýrt frá því að ákærði hafi ráðist á sig. Það hafi verið eftir að brotaþoli skýrði vitninu frá atvikinu. Vitnið kvað annað ekki hafa komið til álita hjá brotaþola en að koma sér í burtu frá ákærða eftir atvikið. Vitnið kvaðst hafa flutt með brotaþola í nýja íbúð eftir þetta. Vitnið taldi samskipti ákærða og brotaþola hafi verið ágæt í framhaldi.

Vitnið I, læknir á slysa- og bráðadeild, gaf símaskýrslu fyrir dómnum og sagði áverkum brotaþola vel lýst í vottorði sínu og lítið við það að bæta. Aðspurt kvaðst

vitnið ekki hafa neinar ástæður til að rengja frásögn brotþola þegar hún kom á slysadeildina en áverkinn á fæti gæti bæði stafað af því að detta í stiga og eins af því að ákærði hafi dottið ofan á hana. Staðfesti hann vottorð sitt.

Vitnið A, sérfræðingur í bæklunar- og skurðlækningum, gaf símaskýrslu og kvaðst ekki hafa tekið á móti brotþola þegar hún kom á slysadeildina í eftirlit og það sem kæmi fram í vottorði hans væri allt tekið upp úr sjúkraskrá.

Vitnið J læknir kom fyrir dóminn og kvað brotþola hafa komið á slysadeild vegna áverka sem hún hafi orðið fyrir í september 2011. Vitnið hafi gert á brotþola aðgerð 19. september 2011. Eftir aðgerðina hafi brotþoli komið nokkrum sinnum aftur vegna vandræða með gífsið. Þann 3. október 2011 hafi vitnið séð brotþola aftur en þá voru saumar teknir. Brotþoli hafi hitt deildarlækni eftir sex vikur og hafi hann tekið gífsið. Brotþoli hafi við fyrstu komu sagt að hún hafi dottið í tröppum. Þegar vitnið hafi hitt brotþola við árs eftirlit hafi brotþoli lýst því að ákærði hafi tæklað hana og hún við það dottið. Brotþoli hafi einnig sagt vitninu að hún hefði löngu áður sagt heilbrigðisstarfsmanni frá árásinni við gifsskipti. Vitnið kvaðst ekkert mat geta lagt á trúverðugleika frásagnar brotþola en ekki heldur haft neina ástæðu til að rengja breyttan framburð hennar. Aðspurt um það hvort áverkinn gæti hafa komið til vegna falls í tröppum eða vegna árásarinnar, kvað vitnið áverkana geta hafa orðið af völdum hvors tveggja, það er að högg kemur á fótinn og þyngsl ofan á.

### ***Niðurstöður.***

#### *Ákæruliður I.*

Ákærði er sakaður um að hafa fimmtudaginn 28. október 2010 slegið til X og í líkama hennar, tekið í hana og hrint henni utan í vegg og niður í gólf og þar sem hún lá á gólfinu sest ofan á hana og þrýst öðru hné sínu á brjóstkassa hennar, allt með þeim afleiðingum að X hlaut mar og eymsli á hægri upphandlegg og vinstra hné og eymsl á höfði, í hægri kjálka, á hálsi og á brjósti.

Í skýrslum ákærða og brotþola fyrir dómi kom skýrt fram að þau hafi rifist umrætt sinn og hafi rifriðið endað í hrindingum. Lýsti brotþoli því svo að þau hafi rifist, hún hafi tekið upp spýtu og barið ákærða í höfuðið, hann hafi þá tekið í hana, þau fallið á gólfið og hann lent ofan á henni. Ákærði lýsti atvikum á svipaðan hátt utan að hann kvað brotþola hafa rífið í sig aftan frá eftir að hafa barið sig með spýttunni í höfuðið og hann þá snúið sér við og ýtt henni burtu. Þau hafi þá fallið í gólfið en ákærði ekki alveg. Þá taldi ákærði vel geta verið að hnéð á honum hafi lent á brjóstkassa brotþola, hann var þó ekki viss um það.

Áverkavottorð, sem liggur fyrir í málinu, styður þetta einnig en þar kemur fram að brotþoli lýsti eymslum í brjóstkassa. Brotþoli sagði einnig að hún myndi það ekki nákvæmlega hvernig þau hafi dottið en ákærði hafi ekki sparkað í sig og ákærði hafi aldrei slegið sig utan einu sinni á árinu 2007. Er brot ákærða heimfært til 217. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því ákvæði þarf að liggja til grundvallar ásetningur til brotsins.

Með vísan til framburðar aðila liggur ekki fyrir hvor aðilinn átti upptök að átökum sem enduðu þannig að aðilar dattu í gólfi. Er lýsing brotþola fyrir dómnum alls

ekki í samræmi við þá háttsemi sem lýst er í ákæru. Gegn neitun ákærða og með vísan til framburðar brotþola telur dómurinn að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sanna að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið. Ber því að sýkna ákærða af þeirri háttsemi.

### *Ákæruliður II.*

Í þessum ákærulið er ákærði sakaður um að hafa laugardaginn 17. september 2011 tekið brotþola hálstaki og þegar hún reyndi að komast undan honum, hlaupið á eftir henni, sparkað í hana og ýtt henni svo að hún féll í gólfið en við það féll Valdimar ofan á hana, allt með þeim afleiðingum að X hlaut brot í fyrsta fleygibeini, með gliðnun milli fyrsta og annars fleygbeins og fyrsta og annars ristarbeins ofan til, á vinstri fæti.

Ákærði neitaði sök í þessum ákærulið og segir beinbrotið hafa átt sér stað þegar brotþoli missteig sig í tröppum úr stofu heima hjá þeim.

Óumdeilt er að brotþoli sagði við fyrstu komu, samdægurs á slysadeild, að hún hafi fallið í tröppum. Þá sögu sagði hún einnig þegar hún kom í aðgerð tveimur dögum síðar. Þá lýsti hún því ekki fyrr en 29. september 2011, eða tólf dögum síðar fyrir heilbrigðisstarfsmanni, að ákærði hafi ráðist á sig. Hins vegar telur dómurinn framburð vitnisins G, um að brotþoli hafi sagt sér strax samdægurs, á leið á slysadeild, frá raunverulegri ástæðu beinbrotsins, trúverðugan og að brotþoli hafi ekki viljað standa frammi fyrir því í barnaafmæli daginn eftir að upplýsa gesti um heimilisofbeldi eins og brotþoli lýsti sjálf. Þá telur dómurinn frásögn brotþola, um að hún hafi hræðst ákærða svo og afskipti barnaverndar af börnum þeirra, einnig trúverðuga. Þá telur dómurinn frásögn móður brotþola, um að hún hafi sagt sér frá raunverulegri ástæðu beinbrotsins nokkrum dögum síðar, trúverðuga. Að auki lýsti vitnið H því að brotþoli hafi sagt sér frá raunverulegu atviki, áður en brotþoli flutti frá ákærða, en það gerði hún um mánaðamótin september/október 2011. Að auki staðfestu vitnin B og C hjúkrunarfræðingur að brotþoli hafi skýrt þeim frá raunverulegri ástæðu beinbrotsins við komu 29. september 2011 en þá hafi ákærði ekki verið með henni. Í fyrri heimsókn hafi ákærði verið með brotþola og þá hafi brotþoli haldið sig við fyrri sögu. Þá er skýring vitnisins C og lækna sem komu fyrir dóminn, um að við fyrstu komu og í aðgerð séu ekki skilyrði til að ræða mikið við sjúkling um orsakir, trúverðug. Ekki sé verið að krefja sjúkling svara fyrir og í aðgerð. Umræður um raunveruleg atvik skapist ekki fyrr en við endurkomur. Brotþoli kærði atvikið til lögreglu 20. október 2011.

Brotþoli lýsti því svo fyrir dómnum að ákærði hafi ætlað að ná af henni síma þar sem hún hafi setið í sófa í sjónvarpsholi og við það tekið hana hálstaki. Brotþoli hafi sparkað honum frá sér og þá jafnvel sparkað í andlit hans. Brotþoli hafi hlaupið upp úr sófanum og ætlað inn til drengja þeirra þar sem hún taldi að ákærði myndi ekki gera henni mein þar inni að þeim sjáandi. Ákærði hafi hlaupið á eftir henni og einhvern veginn „tæklað“ hana, áður en hún komst þangað, þannig að hún hafi dottið og hann ofan á hana. Við það hafi hún fótbrotnað. Er þessi frásögn í samræmi við endursögn vitna sem brotþoli sagði frá atvikinu strax eða fljótlega í kjölfar atviksins. Telur dómurinn þann framburð vitna trúverðugan.

Telur dómurinn sannað að ákærði hafi veist að brotþola eins og lýst er í ákæru. Þrátt fyrir að brotþoli hafi sparkað í ákærða í upphafi, þá telur dómurinn að

brotapoli hafi verið á flótta undan ákærða og verður afleiðingum átakanna ekki áflogum um kennt. Stóð ásetningur ákærða til að ná til brotþola, sem hann gerði með ofangreindum afleiðingum en ákærða mátti vera ljóst við þessa háttsemi sína að tjón gæti hlotist af sem ákærði bæri ábyrgð á. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi og er hún réttilega heimfærð til refsíákvæðis. Verður ákærða gerð refsing fyrir.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var honum síðast gerð refsing þann 31. maí 2012 vegna umferðarlagabrots. Verður ákærða því nú gerður hegningarauki samkvæmt reglum 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður einnig að líta til 3. mgr. 70. gr. sömu laga en brotið átti sér stað inni á heimili aðila. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Brot þetta átti sér stað í september 2011 og var kært til lögreglu í október sama ár. Rannsókn málsins virðist að mestu hafa verið lokið í janúar 2012 en síðan voru skýrslur teknar af vitnum í maí og júní 2013. Ákæra var gefin út 1. október 2013. Voru þá liðin tvö ár frá brotinu. Verður ákærða ekki kennt um þennan drátt á rannsókn málsins. Þykir því rétt að skilorðsbinda refsinguna og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu er gerð krafa um að ákærði greiði brotþola 2.000.000 króna í miskabætur eins og bótakrafan var eftir að hafa verið lagfærð undir rekstri málsins. Ákærði hefur verið fundinn sekur um að valda þeim meiðslum á brotþola sem lýst er í ákæru og koma fram í læknisvottorðum. Felur brotið í sér miska en eins og fram hefur komið háir brotið brotþola daglega. Þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 500.000 krónur sem ákærða ber að greiða ásamt vöxtum eins og segir í dómsorði en bótakrafan var fyrst kynnt ákærða við birtingu ákæru 15. október 2013.

Dæma ber ákærða að þessum niðurstöðum fengnum til að greiða sakarkostnað vegna ákæruliðar II, sem er samkvæmt yfirliti 62.100 krónur auk helmings málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, 502.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði mótmælti því að hann yrði dæmdur til að greiða réttargæsluþóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola þar sem ekki hafi verið lagaskilyrði til að skipa brotþola réttargæslumann. Var réttargæslumaður skipaður við þingfestingu málsins þann 31. október 2013 en hafði áður verið tilnefndur af lögreglu við rannsókn málsins þann 20. október 2011. Í 2. mgr. 41. gr. laga nr. 88/2008 segir að lögreglu sé skylt að ósk brotþola að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga og ætla megi að brotþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins eða að brotið hafi verið gegn honum af einhverjum sem sé honum nákominn. Þá sé það skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns að brotþoli hafi að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna hans í málinu. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga, sem rannsókn málsins beindist að, fellur undir XXIII. kafla laganna. Telur dómurinn að ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt í máli þessu og lögreglu hafi því verið skylt að tilnefna brotþola réttargæslumann á rannsóknarstigi. Með vísan til 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008 skipaði dómari brotþola réttargæslumann við þingfestingu málsins. Af þessu leiðir að dæma ber ákærða til að greiða þann kostnað sem af broti hans leiðir sem telst til sakarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 48. gr. og 216. gr. laga nr.

88/2008. Er þóknun réttargæslumanns hæfilega ákveðin 376.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Verður ákærði því dæmdur til að greiða helming þess kostnaðar.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, Valdimar Jón Sveinsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 62.500 krónur auk helmings málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 502.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti en helmingur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði helming réttargæsluþóknunar skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Helgu Leifsdóttur hdl., 376.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti en helmingur þóknunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði X 500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 17. september 2011 til 15. nóvember 2013 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ástríður Grímsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 16.4. 2014.